

Mál nr. 316/2018**M og
váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X****Vinnuslys á veitingastað 9.3.2015.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 19.10.2018, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 5.11.2018.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi verið við vinnu hjá X sem verslunarstjóri verslun en í þetta skipti verið að að hjálpa til við að taka af borðum veitingastaðar X, sem er í sama rými og verslunin, þegar hún slasaðist. Þannig hafi hún verið að ganga um hurð inn í eldhús og á meðan hún lagði frá sér borðbúnað hafi hún á sama tíma haldið hurðinni opinni með vinstri hendi og þegar hurðin lokaðist hafi hún klemmst milli stafs og hurðar þannig að hún missti framan af fingri. Í ódagsettri yfirlýsingu frá bílstjóra X kemur fram að hann hafi stillt pumpu á sömu hurð þannig að hún lokaðist hægt eftir slysið. Ekki liggur fyrir að Vinnueftirlitið hafi komið á staðinn.

M telur að rekja megi slys hennar til ófullnægjandi búnaðar á hurðinni sem M klemmdi sig á og bendir á að hurðarpumpa hafi verið lagfærð eftir slysið þannig að hún lokaðist hægar en áður sem og hafi viðamiklar breytingar verið gerðar á veitingastað X sl. vetur og hafi þá verið ákveðið að fjarlægja umrædda hurð. M telur að það bendi til þess að hætta af hurðinni hafi verið fyrirsvarsmönnum X ljós og vitnar til laga nr. 46/1980 og byggingarreglugerðar nr. 112/2012 máli sínu til stuðnings.

V telur að ekki hafi verið sýnt fram á sök X og það að hurð veitingastaðnum hafi verið endurstíllt eftir slysið sanni ekki að hún hafi verið vanstillt fyrir slysið og ákvarðanir um breytingar á útliti veitingastaðarins hafi ekki byggst á því að umrædd hurð væri til vandræða. Um hana hefði verið gengið ótal sinnum á dag og hafi M þekkt aðstæður vel á vettvangi.

Álit.

Í gögnum málsins kemur ekki með skýrum hætti fram að hurð sú sem M gekk um þegar hún slasaðist hafi verið vanbúin hinn 9. mars 2015. Þó yfirlýsing samstarfsmanns bendi til þess að pumpa á hurðinni hafi verið stillt eftir til slysið verður ekki séð af öðrum gögnum að sérstök hætta, umfram það að hurðin lokaðist, hafi staðið af henni. Verður slys M því rakið til óhappatilviks en ekki til vanbúnaðar hurðarinnar í skilningi þágildandi laga eða reglna, sakar X eða samstarfsmanna M hjá X. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna vinnuslyss síns.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 29. nóvember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon lögm.